

Maður skotinn til bana

Sá atburður gerðist á Höfn í Hornafirði á sunnudagsmorgun að Stefan Egilsson, 32ja ára, var skotinn til bana. Banamaður Stefáns, sem var drukkinn er atburðurinn átti sér stað, var strax handtekinn og síðan fluttur til Reykjavíkur, þar sem málið verður tekið til rannsóknar.

Banamaður Stefáns skaut tveimur skotum úr haglabyssu, og lézt Stefan samtundis. Stefan var ókvæntur.

Einar Agústsson utanríkisráðherra: Hart að hafa erlent fólk í íbúðum þegar svona stendur á

Í viðtali við útvarpið í gærkvöld sagði Einar Agústsson utanríkisráðherra að utanríkisráðuneytið hefði ekki enn fengið bréf þjárustjórnar Keflavíkur varðandi rýmingu húsnæðis þess sem Ameríkumenn dvelja í þar í bæ, svo hægt verði að hýsa Eyjamenn í Keflavík.

Um erindi Keflvíkinga sagði Einar m.a. eitthvað á þessa leið: Hugmyndin er ekki óeðlileg í þessum erfiðleikum. Það er hart að horfa upp á að erlent fólk sé í íbúðum þegar svona stendur á hjá okkur.

Eg hef alltaf verið þeirrar skoðunar, að þeir erlendu menn og fjölskyldur þeirra, sem hér dvelja á vegum „Varnaliðsins“, eigi að vera í húsnæði á þess vegum.

40 ár frá valdatöku Hitlers

Í dag, 30. janúar eru 40 ár liðin frá valdatöku Hitlers og ríkisstjórnar nazista í Þýskalandi. Í þessu tilefni mun Þjóðviljinn birta einhvern næstu daga grein um upphaf nazismis, eftir Sverri Kristjánsson sagnræðing.

Kauphækkun frestað- upphæðin renni í sjóð

— er bæti búisfjar vegna jarðelda í Heimaey

Ríkisstjórnin hefur ákveðið að leggja sérstakt frumvarp fyrir nefnd þá er alþingi kaus í gær um ráðstafanir vegna jarðeldanna í Eyjum. Í frumvarpi þessu er gert ráð fyrir því að kauphækkun þeirri sem

Miklar sprengingar í gignum í gær

Búið að tæma nær öll hús austan Skólavegar

Frá fréttamanni Þjóðviljans í Vestmannaeyjum. Sigurdóri Sigurdórssyni, í gærkvöld:

Vindur snerist

Heldur skánaði ástandið hér í Vestmannaeyjum eftir hádegi í dag. Vindur hafði verið suðaustan frá því í nótt er leið, en um kl. 2 snerist hann eins og hendi væri veifað í hreina sunnanátt, um leið tók óskufallið af bænum svo og reykjarmökkinn. Með þessari sunnanátt birti til og gerði hið bezta veður, og vona auðvitað allir að þetta góðvæði haldist eitthvað, svo menn losni við óskufallið meðan unnið er að björgun úr húsun í bænum, en óskufallið og gjallregnið gerir mönnum mjög erfitt fyrir.

Enn brenna hús

Eldur kviknaði í einu húsi austarlega í bænum um hádegi í dag, og einnig var greinilegt að annað hús var að brenna undir óskunni. Eg skoðaði austurbæinn eftir að vindáttin breyttist. Enn hafa nokkur hús sokkið í ösku. Þá er kirkjugarðurinn algjörlega kom

Frh. á bls. 15



Búslóðin komin út og bíður þess að verða sett í gám

Ólafur Jóhannesson, forsætisráðherra á alþingi í gær

Byggja verður á heildar- átaki allrar þjóðarinnar

Tillaga forsætisráðherra vegna jarðeldanna samþykkt samhljóða

Í gær var afgreidd í Sameinuðu þingi sem ályktun alþingis tillaga frá forsætisráðherra um neyðarráðstafanir vegna jarðelda í Heimaey. Var tillagan samþykkt samhljóða á þingfundinum og er endanleg gerð tillögunnar birt á 3. síðu blaðsins í dag.

Forsætisráðherra flutti tillöguna og mælti fyrir henni. Hann rakti tón þad sem orðið er í Eyjum fyrir þjóðarheilidna, einstaklinga og sveitarfélagið í Eyjum.

Talldi ráðherrann að þegar á þessu ári þyrfti að afla a.m.k. 2.000 millj. kr. til þess að tryggja væri að þjóðfélagið stæði örugglega undir skyldum sínum við Vestmannaeyinga. En að auki er svo áfall þjóðarbusins í heild og þess vegna yrði m.a. að draga úr heildarútgjöldum og innflutningi. Forsætisráðherra skýrði frá því að lauslegt áætlunarverð þeirra eigna sem óflytjanlegar væru sé talið um 10 milljarða króna.

Í ræðu sinni vék forsætisráðherra að tveimur meginatriðum þessa máls. Í fyrsta lagi að ríkisstjórnin hefði lagt áherslu á að landsmenn allir öxluðu þær byrðar sem tjóninu fylgja og í öðru lagi að nást yrði samstæða um þær aðgerðir sem gripib yrði til. Þess vegna hefði ríkisstjórnin ákveðið að leggja til að skipuð yrði nefnd fulltrúa allra flokka til að fjalla um málið og gera tillögur. Ríkisstjórnin myndi leggja

fyrir nefndina frumvarp það er hún sjálf hefði gengið frá um neyðarráðstafanir.

Jóhann Hafstein og Gylfi Þ. Gíslason lýstu stuðningi við þingsályktunartillögu ríkisstjórnarinnar og vilja til samstarfs við ríkisstjórnina í þessu máli.

Jóhann Hafstein óskaði eftir því, að tillögunni yrði vísað til nefndar, og var orðið við þeirri ósk.

Einnig töluðu ráðherrarnir Hannibal Valdimarsson og Lúðvík Jósepsson og segir annars staðar frá ræðu Lúðvíks.

Hannibal sagði, að það væri tvímælalaust skylda samfélagsins, að standa straum af þeim ráðstöfunum, er gera þyrfti til að tryggja Vestmannaeyingum örugga lífsafkomu þann tíma, sem þeir verða að dveljast fjarri sinni heimabyggð.

Hann skýrði frá því, að tekizt hafi að útvega 1000 manns bráðabirgðahúsnæði á vegum Rauða Krossins og nefndar þeirrar, sem ríkisstjórnin skipaði í þau mál. En allt meginverkefnið er þó eftir, sagði Hannibal.

Það kom fram í ræðu Hannibals, að talið er að með 50 milljón króna tilkostnaði megi skapa allt að 50 bátum til viðbótar abstöðu í Grindavíkurhöfn.

Málinu var svo vísað til fjárfra. Frh. á bls. 15

koma átti til framkvæmda 1. marz n.k. — 6 og 7% — verði frestað til 1. október, en atvinnurekendur greiði hekkunina í sérstakan „Viðlagasjóð“ sem stofnaður yrði.

Forsætisráðherra Ólafur

Jóhannesson greindi frá því í gær er hann mælti fyrir tillögu sinni um neyðarráðstafanir vegna jarðelda í Eyjum, að ríkisstjórnin hefði gengið frá frumvarpi um ráðstafanir eða sérstakt gjald, „viðlagasjóð“ sem renni til „viðlagasjóðs“ en tilgangur hans er að standa straum af þeim

búisfjum sem nú verða vegna jarðeldanna í Vestmannaeyjum.

Í frumvarpi því sem ríkisstjórnin hafði tilbúið og hún mun nú leggja fyrir nefnd þá, sem alþingi kaus í gær, til þess að tryggja samstöðu allra flokka þingsins um ráðstafanirnar, er

Frh. á bls. 15



Fólk veit ekki um þessa þjónustu

Kæri bæjarpóstur. Nýlega var sýnd í sjónvarpinu mynd um vandamál einstæðra foreldra í Bretlandi. Myndin var einkar athyglisverð, svo langt sem hún náði. Hinsvegar var það ekki efni myndarinnar sjálfar, sem er ástæðan fyrir þessum pistli, heldur nokkur atviki sem komu fram í umræðubættinum á eftir myndinni.

Það vakti furðu að heyra viðhorf forstöðukonu fjölskyldudeildar Félagsmálastofnunar Rvíkur í garð einstæðra foreldra, sem taldi það mjög neikvætt, að einstæðir foreldrar hefðu með sér samtök og reyndu þannig að sameinast sem hópur til að bæta aðstöðu sína og barna sína.

Í þessu viðhorfi felst fádæma vanþekking á vandamálum og aðstöðu einstæðra foreldra. Í

samræmi við þetta viðhorf forstöðukonunnar kom fram neikvætt álit hennar á fyrirhugaðri byggingu samþýlishúss, sem félag einstæðra foreldra hefur af stórhug og framsýni sett á stefnuskrá sína og vill þar með reyna að bæta úr þeim ólýsanlegu hús-næðiserfðileikum, sem margir einstæðir foreldrar stríða við.

Það kemur óneitanlega úr hördustu átt þegar fulltrúi frá Félagsmálastofnun Rvíkur dregur í efa og vill gera lítið úr þessari sjálfsbjargarvæðni og vakandi vitund um stöðu sína, sem einstæðir foreldrar sýna með því að sameinast sem hópur, því það er fyrst með stofnun samtakanna, sem einstæðir foreldrar hafa náð árangri varðandi lausn margra vandamála, má t.d. benda á skóladagheimili og réttlátari ákvæði í tryggingalög-gjöfinni. Þetta ætti fulltrúur Félagsmálastofnunarinnar varla að vera ókunngt um.

Þá hygg ég að mörgum hafi þótt vafasöm sú fullyrðing forstöðukonunnar að halda því fram, að einstæðir móðir með 4 börn á framfæri geti hæglega lifað af 24.000 kr. á mánuði og greitt jafnframt sjötta hlutann af þeirri upphæð í húsaleigu. En þessar mæður eiga líka að geta valið um það hvort þær vilja vera „bara“ heima eða fara út að vinna; allir eiga að hafa frjálst val og það er reynt að gera alla ánægða, sem leita til Félagsmálastofnunarinnar. Aðalvandamálið er að fólk veit ekki um þessa þjónustu, en væntanlegur upplýsinga-bæklingur ætti að geta bætt úr því.

Með þökk fyrir birtinguna. Einn úr hópnum.

SAMÞUM GAFFALBITA TIL SOVÉTRÍKJANNA

„Dagana 15.—20. janúar 1973 fóru fram í Moskvu viðskiptaviðræður milli Sölustofnunar lægmetis og Prodintor, Moskvu, um kaup og sölu á lagmeti árið 1973. Samningar þessir eru liður í fimmm ára viðskiptasamningi landanna, sem undirritaður var 2. nóvember 1971.

Samningar tókum um sölu á 27.500 kóssum af gaffalbitum, að verðmæti 73,8 milj. íslenskra króna. Umrætt magn á að afhendast á fyrra helmingi ársins 1973, en Lagmetisíðjan Siglósilid og Niðursúðverksmíðja K. Jónsson & Co. munu framleiða upp í þessa samninga.

Í íslensku sendinefndinni voru: Orn Erlendsson, framkvæmdastjóri, f.h. Sölustofnunar lagmetis, Gunnlaugur Briem, framkvæmdastjóri, f.h. framleiðenda, Renata Erlendsson, ritari Sölustofnunar lagmetis. Af hálfu Prodintor tóku þátt í samningnum: Petrenko, framkvæmdastjóri, ásamt þeim Zevakin og Bugaev.

Enn er óselt upp í kvóta af rammasamningi fyrir lagmeti árið 1973 og mun Sölustofnun lagmetis væntanlega óska eftir framhaldsviðræðum um sölu síðar á þessu ári“.

Eldgosið í Moskvu blöðunum

Eins og menn vita er fréttalutningur mjög ólíkur eftir löndum og sérstaklega ef um fréttir af stórslysum og náttúruhamförum er að ræða.

Gott dæmi um sérstöðu t.d. sovétrkra blaða er afgreiðsla þeirra á gosinu í Vestmannaeyjum.

Dagana 24. og 25. janúar, fyrstu tvo sem fréttir spurðust af gosinu birtu áðeins eitt Moskvublaðanna, Trúð, stutta tilkynningu fyrir-sagnarlausu, nú linur alls, um að gos væri byrjað á Heimaya, skammt frá kaupstaðnum. Rynni hraunið sem betur fer í sjóinn. Ekki var minnst orði á brottflutning fólksins — en þess má geta, að sa flutningur svarar til þess að allir íbúar Moskvu væru fluttir á brott á svipstundun.


Pravda birti daginn eftir gosið að visu eina frétt frá Íslandi og meira að segja slysafrétt. En hún

er ekki um eldgos, heldur um bandarísku herflugvélinu sem hrapaði í Faxaflóa.

Sama dag er reyndar önnur frétt í Prívúdu frá Norðurlöndum: þar segir að kommúnistaflokkurinn norskri hafi sett sér merkileg markmið fyrir næstu bæjarstjórnarkosningar.

Komsomolskaja Pravda, blað æskufólks, birtir ekki staf frá Íslandi þessa tvo daga.

Ízvestia, stjórnarmálgagnnið, birtir ekki staf um gosið. Aftur á móti er tvívalka greinarstúfur um Ísland í því blaði þann 24. janúar. Fjallar hann á hlutlausan hátt um þorskastríðið við Breta, sem „nú hefur staðið nokkra mánuði“ eins og blaðið segir. Er ekki vitað til, að sovézkt dagblað hafi fyrr um það mál fjallað sérstaklega, þótt landhelgisrálið hafi verið nefnt á nafn í greinum um aðra hluti.



PALME SVARAR FYRIR SIG:

Palme: hlutleysi er ekki sama og að þega um alþjóðamál.

Stórveldin og rödd smáþjóða

Eins og menn rekur minni til var enginn stjórn-málamaður jafn afdráttarlaus í fordæmingu sinni á loftárásum Bandaríkjamanna á Norður-Vietnam í desember og Olof Palme, forsætisráðherra Svíþjóðar. Bar hann árásrinnar á Hanoi saman við þau grimmdarverk sem framin voru í Lidice, Oradour, Guernica, Katynskógi, Baby Jar, Sharpeville. Bandaríkjamenn brugðust reiðir við og sögðu Sví-um að það væri alveg óþarfi fyrir þá að senda nýjan sendiherra til Washington. Hér fer á eftir við tal sem útsendari bandaríska vikursins Time hefur átt við Palme um þetta mál.

samtaka til að beina í einn farveg uppbyggingarvæðni þannig, að hún yrði ekki á vegum neins eins ríkis, heldur alþjóðlegt átak margra. Uppi hafa verið hugmyndir um að skapa alþjóðlega samstarfs-nefnd, þar sem Vietnamar réðu miklu, vegna þess að þeir eru tortryggir á alþjóðasamtök.

Time: Hvaða þýðingu hafa loftárásirnar á Hanoi fyrir álit Bandaríkjamanna í Evrópu? Verður þeim fljótlega gleymt?

Palme: Ef að Bandaríkin halda áfram svipuðum ógnar-ferkum hvað verður þá þegar næst koma upp vandamál í Austur-Evrópu? Bandaríkin hafa týnt öllum síðferðilegum grundvelli til að mótmæla í þeim tilvikum. Hér fer fram einkonkar sambræðsla hins sovétrka og hins bandaríska kverfis. Bandaríkin hafa gert nokkuð það sem Sovétríkin voru reibubún til að gera í Tékkóslóvakíu. Kenningar þeirra Brezhnev's og Nixons eru smárikjum hættulegar.

Time: Hefur almennings-álitid í heiminum áhrif á stjórn málaákvæðanir?

Palme: Já, en ekki alltaf, og aldrei fullnáðaráhrif. En segid mér — af hverju láta Rússar þrátt fyrir all en undan ýms-um kröfum sovétrka Gyð-inga? Almenningsálitid gagn-vert Tékkóslóvakíu gerði þeim marga skrávefni. Nixon hafði margar ástæður til að stöðva loftárásirnar. Almenningsálitid í heiminum var eitt þeirra.

Palme: Við höfum vanizt að líta til Bandaríkjamanna um forystu og áhrifaðild þegar um er að ræða vandamál friðar og verndun mannegra grundvallarverðmæta. Og einmitt þess vegna er harmur okkar og vonbrigði sárari þegar eitthvað gerist í átt við sprengjukastíð á Hanoi og Haiphong.

Time: Hvaða rétt hefur samskr forsætisráðherra til að jafna loftárásunum við verstu grimmdarverk nazista — ef tekið er tillit til orkistis Svíþjóðar sem hlutlaus ríkis í heimstýrjöldinni síðari?

Palme: Eg lagði þetta ekki beint að jöfnu. Það er ekki hægt að bera saman herfor-ingja eða pólitísk kerfi. Það sem ég vildi varpa ljósi á eru áhrif stórfelldra ofbeldisverka á manneskjurnar og hve ógnarlegt það var sem gerðist í loftárásunum á Hanoi og Haiphong. Til að fólk hlusti og skilji þarf að taka stærkt til orða. Í heimsstyrjöldinni síðari höfðum við lýðræði stranglega í heiðri í landi okkar. Um-ræður voru ópnar. Á mjög erli-ðum tíma neyddumst við til að hleypa lestum með þjóð-ferjum sem voru að fara í leyfi frá Noregi yfir land okkar. En það er einber vitleysa

að við höfum haft samstarf við Þjóðverja.

Time: Erud þér með Bandari-kjunum eða á móti?

Palme: Hlutleysi hefur aldrei dæmt okkur til að þega um heimsmálin. Þegar við mótmælum atburðum í Ung-vejalandi, Tékkóslóvakíu eða Berlínarmúrnum með mjög ó-tvívæðu orðbragði, þá heyrð-um við ekki bofs frá Hvíta húsinu í Washington um hlut-leysi okkar.

Það er allt í lagi fyrir stór-velðin að draga úr viðsjám. En ein hættan af því, að risa-velðin semji sín á milli um vinsamlegri sambúð er sú, að þeim finnist þau hafi frjalsari hendur til að skipa smærri rikjum fyrir verkum. Hættan er sú, að hið mikla afl risa-velðanna verði ógnun við sjálfstæði og tilveruett smá-þjóða. Við verðum að halda uppi vörnun fyrir rétt smá-rikja til að skapa sér framtíð.

Time: Gætu Bandaríkin haft gagn af þeirri reynslu sem þið hafið í samskiptum við Norður-Vietnam?

Palme: Viðkvæmnin er mikil í sambandi við það mál, en engu að síður er byggt á rauntækum grundvelli. Við hugsuðum um möguleika á að skapa nýja tegund alþjóðlegra

Bataábyrgðarfélag Ísafjarðar 70 ára Gáfu 250 þúsund í Eyjasöfnunina

Bataábyrgðarfélag Ísafjarðar varð 70 ára 24. þessa mánaðar, en það var stofnað 1903.

Afmælisins var minnst í Félagshemilinu á Hnífsdal, þar sem saman voru komnir útgerðarmenn af Vestfjörðum og fleiri. Forstjóri félagsins er Matthías Bjarnason alþingismaður, en Guðfínnur Einarsson stjórnar-formaður félagsins flutti yfirlits-

erindi um sögu þess. Guðfínnur gat þess fyrsta umræða um bata-ábyrgðarfélag hefi fírað fram 1851, og félagið síðan stofnað 1854, og mun hafa starfað fram til 1872. Stofnendur þess félags, sem nu starfar, voru 17 talains, en 22 bátar lofuðu að tryggja hjá félaginu. Starfsemi félagsins hefur farið sívaxandi. Fyrst starfaði félagið aðeins við Djúpið, en að starfs-sviðið frá 1948 hefur verið Vest-

af erlendum vettvangi

firðir frá Látrabjargi að Skaga og Húnaflóasvæðið með. Nú tryggja hjá félaginu um 200 bátar og skip, og í sjóði á félagið rúmar 8 milljónir, en átti 1914—'19 650 krónur.

Á hátíðarfundinum var samþykkt að gefa 250 þúsund krónur til uppbyggingar sjó-mannafræðslu á Vestfjörðum, sem samtök útvegsmanna eiga að ráðstafa.

Einnig var samþykkt að gefa 250 þúsund krónur í Vestmanna-eyjasöfnunina. Halldór Ólafsson, fréttaritari blaðsins á Ísafirði, sagði okkur þessi tölundi, og talaði um að senda blaðinu grein með myndum um félagið innan skamms.

Ályktun alþingis um neyðarráðstafanir vegna jarðelda

Í gær lagði forsætisráðherra fram á alþingi tillögu til þings-ályktunar um neyðarráðstafanir vegna jarðelda í Vestmannaeyjum. Tillagan var strax tekin til umræðu í Sameinuðu þingi og var svo afgreidd í gærkvöld og samþykkt samhliða. Tillagan — sem nú er orðin ályktun alþingis — er á þessa leið:

Alþingi ályktar að kjósa nefnd sjö þingmanna til þess að gera tillögu um neyðarráðstafanir vegna eldgossins á Heimaey og um fjárflokkun þeirra vegna. Skal hún þegar hefja starf og skila tillögu

sinum í frumvarpsformi svo fljótt sem nokkur kostur er. Tillögur nefndarinnar skulu við það miðaðar, að búsfjar af völdum náttúruhamfaranna séu bornar af þjóðinni allri sameiginlega.

Jafnframt heimilar Alþingi ríkisstjórninni að taka bráðabirgðalán í Seðlabanka Íslands eða annars staðar, að fjárhæð allt að 500 milljónir króna, til þess að standa undir kostnaði sem þegar er áfallinn, og margvísulegum ráðstöfunum, sem ekki verður komizt hjá að gera á tafar. Bráðabirgðalán þetta skal endurgreitt af væntanlegri

fjárflokkun skv. ákvörðun Alþingis. Ráðstöfun fjár þess, er tekið vörð um á lán til bráðabirgða samkvæmt framsögðu, skal vera í höndum nefndar þeirrar, sem ríkisstjórnin skipaði 23. janúar s.l. til að rannsaka, hverjar afleiðingar náttúruhamfarinnar í Vestmannaeyjum geta haft fyrir efnahagslega afkomu þjóðarbúsins og hver úrræði eru helzt fyrir hendi til að draga úr þeim afleiðingum. Samkvæmt skipunarbréfi sínu ber þeirri nefnd að hafa samráð við bæjarstjórn Vestmannaeyja.

Jón Kjartansson SU sökk út af Vattarnesi

Híð mikla aflaskip Jón Kjartansson SU frá Eskifirði sökk hálfa aðra sjómílu út af Vattarnesi, nákvæmlega kl. 21,15 á sunnudagskvöld. Hafði þá skipshöfn verið bjargað um borð í Dagfara.

Skipstjóri á bátinum var Þorsteinn Erlingsson.

Mörgum kom til hugar fyrst í stað að þetta mikla aflaskip hafi sökkít sökom ofhleðslu út á miðnum. Það er ekki raunin. Farnur mun hafa kastazt til í lest bátsins á sunnudagsmorgun.

kom þá þegar mikill bakborðshalli á bátinn. Var báturinn þá staðdur út af Hvalbak.

Dagfari frá Húsavík tilkynnti kl. 10,24 á sunnudagsmorgun að hann fylgdi Jóni Kjartanssoni eftir ásamt fleiri bátum. Skipið var þá talið í mikilli hættu, en skipshöfn talin óhult. Atti að reyna að sigla bátinum til Eskifjarðar.

Kl. 11,15 sneri Jón Kjartansson bakborðshlið upp í vindinn og lagðist þá skipið yfir á stjórnborða með svipuðum halla. Fóru þá allir menn um borð í Dagfara utan þrjú skipverjar.

Halli bátsins jókst á siglingunni til Eskifjarðar og björguðu skip-

verjar á Dagfara hinum þremur mönnum um borð um kl. 20 og var þá skipið stutt um 1 1/2 mílu út af Vattarnesi.

M.s. Hafaldan kom til móts við Jón Kjartansson út á miðin. Hafði hún brunadælu um borð og átti að freista þess að dæla úr bátinum. Það þótti hinsvegar ekki fært fyrr en báturinn kæmi inn á fjórðinn.

Jón Kjartansson var áður togarinn Jörundur, smíðaður 1949 og var 491 tonn að stærð. Vélur voru nýjar í bátinum.

Eigendur bátsins voru Jón Kjartansson h.f. á Eskifirði og Gíslason h.f. í Reykjavík. Þar á meðal hinn góðkunnari aflaskipstjóri Þorsteinn Gíslason. g.m.

Keflvíkingar reynast Eyjamönnum vel

Opna upplýsinga-skrifstofu

Keflavíkingar hafa, að öðrum byggðarlögum ólöstudum, tekið hvað stórmannlegast á, til lausnar vanda Vestmannaeyinga.

Þegar er ósk þeirra til stjórnvalda um að Kanar rými húsnæði í Keflavík komin áleiðis í embættismannakerfinu, og bæjarstjórnin hefur opnað upplýsinga- og miðlungs-skrifstofu fyrir Vestmannaeyinga að Klapparstíg 7 í Keflavík.

Jóhann Einarvörðsson, bæjarstjóri í Keflavík, varð fyrir svörum á hinni nýju upplýsingamiðstöð fyrir Eyjamenn í Keflavík. Sagði hann að þarna væri ætíð á að skrá fólk, hvort tveggja sem væri að leita eftir atvinnu eða húsnæði.

— Eru margir Vestmannaeyingar búnir að leita til ykkar?

— Það eru mjög margir búnir að því nú þegar. Ég hef þó ekki tölu á því, þar sem ekki hefur unnið tími til að telja þá saman, en segja má að það sé óhemju fjöldi.

— Er þá leitad bæði eftir húsnæði og vinnu?

— Já. Þó virðist mestur vandinn vera með húsnæði. Flest virðast þetta vera sjómenn á Eyjabátum, og fólk sem vill komast í frystihúsin, en þar er

oftast pláss fyrir vinnuafla, ekki sízt ef bátar bætast við hér. Einnig hef ég óljósar fréttir af nokkrum handverks- og iðnaðarmönnum sem eru komnir í vinnu, eða búnir að fá loforð fyrir vinnu.

En það er samt sem áður húsnæði sem við erum mest að basia við, og það hefur lygilega mikið komið út úr fyrirsögnunum um húsnæði, þó það sé engan vegin nægilegt.

Ætíðin er að þetta verði miðstöð hér á Suðurnesjasvæðinu, þannig að hér geta Vestmannaeyingar fengið upplýsingar um eitt og annað, þar á meðal dóttir

sitt. Einnig er meiningin að efrinæð húsnæðis verði búin einhverri þeirri aðstöðu að Vestmannaeyingar geti hilt þar, eða haft þar einhverja bæktistöð.

Rétt er að geta þess að sími þessarar upplýsingamiðstöðvar er 1800, en svæðisnúmerið 92.

Í gær fengum við fréttir af því að Keflvíkingar almennt hefðu tekið mjög vel í samþykkt bæjarstjórnarinnar um að ryma íbúðir fyrir Vestmannaeyingum með því að flytja Kana upp á Völl. Meðal annars hafa nokkrir aðilar, sem árum saman hafa leigt Ameríkumönnum húsnæði, sagt upp leigusamningum til þess að geta tekið Eyjamenn í íbúðir sínar þess í stað.

— + + + + —
168 íbúðir hafa nú verið boðnar Vestmannaeyingum, víða um land. — úþ.

Reykjanes strandar

Í gær morgun strandaði Reykjanesið frá Hafnarfirði á Hvalbak fyrir austan, en þar í kring hafa hringsótáttar kastað á löðnumiðum.

Strandið varð kl. 6,20 í gær morgun, en hins vegar kom báturinn til hafnar kl. 16,45 í gær. Næstu skip voru Dagfari frá Húsavík og Höfrungur III frá Akranesi. Tókst skipverjum á Dagfara að koma línu um borð í

hinn strandaða bát um kl. 8 um morguninn. Var þá sjór kominn í dæluhús og forlest bátsins, en ekki flæddi í afturlést eða vélarum.

Hafði Reykjanesið strandað á grynningum landmegin við Hvalbak, en það er klettur er stendur einstakur upp úr sjó úti á hafi. Þannig hefur Dagfari bjargað tveim skipshöfnum á sólarhring. Skipstjóri á Dagfara er Sigurður Sigurðsson frá Húsavík.

innlend syrpa

Bræðsla byrjuð á Breiðdalsvík

Breiðdalsvík, 29/1. — Hingað hafa borizt um 400 tonn af loðnu úr tveim bátum. Heimi frá Stöðvarfirði og Arna Magnússyni SU. Er Arni Magnússon gerður út héðan.

Í dag fer í gang loðnubræðsla. Bræðir hún 500 til 800 mál á sólarhring. Þá er ætíðin að frýsta hér loðnu síðar í vetur á vegum hraðfrystihúss.

Síðar í vetur fer Sigurður Jónsson SU á þorskanet.

6200 tonn af loðnu til Eskifjarðar

Eskifirði 29/1. — Hingað hafa borizt í dag um þúsund tonn af loðnu. Hafa eftirfarandi bátar landað hér loðnu eftir næturveidina: Jón Finnsson, Fífill, Gíslí Arni, Arni Magnússon og Arinbjörn. Er meðalafli um 200 tonn á bát.

Hingað hafa borizt um 6200 tonn af loðnu. Byrjaði bræðsla í morgun á loðnu, sem hefur borizt hingað síðan á föstudag. Áður var búið að bræða rösk þúsund tonn. Þá hefur nokkuð verið frýst af loðnu í beitu.

4000 tonn af loðnu til Reyðarfjarðar

Reyðarfirði, 29/1. — Hér er stillilogn á firðinum sem á sumardegi og hóf verksmiðjan að bræða loðnu í morgun. Hefur ekki verið hreyft við þessari gömlu sildarverksmiðju lengi.

Hingað hafa borizt 4000 tonn af loðnu og lönduðu fjórir bátar hér í gær: Guðmundur RE 300 tonnum, Sæberg 250 tonnum, Súlan 300 tonnum og Þórður Jónsson einhverjum afla. Hins vegar hefur enginn bátur komið hingað í dag.

Engin loðna til Borgarfjarðar

Borgarfirði eystra, 29/1. — Hingað hefur engin loðna borizt og stendur ekki til að taka á móti henni hér, sagði Sigríður Eyjólfsdóttir við blaðið.

Margir eru farnir á vertið héðan. Fóru menn aðallega til Hornafjarðar og Grindavíkur. Aðeins þrjú fóru á vertið í Eyjum. Er það af sem áður var, þegar menn fjölmenntu þangað á vertið.

2400 tonn af loðnu til Seyðisfjarðar

Seyðisfirði, 29/1. — Þrjú bátar hafa komið hingað í dag eftir veði næturinnar austur af Gerpi og er stutt fyrir bátana að sigla hingað inn af veiðisvæðinu.

Þessir bátar losa hér í dag: Guðmundur RE 400 tonn, Reykjaborgin 200 tonn og Asberg RE 250 tonn.

Hingað er komin 2400 tonn af loðnu í verksmiðju Hafsildar. Er þegar farið að rjúka úr reykháfum loðnubræðslunnar. Hér er

logn og stillur á firðinum sem á blöfum sumardegi.

Ekki er farið að hreyfa við sildarverksmiðju ríkisins hér á staðnum.

1500 tonn af loðnu til Stöðvarfjarðar

Stöðvarfirði, 29/1. — Hingað kom Alftafellið með 260 tonn af loðnu í dag. Hafði það fengið hana um 50 sjómílur út af Norðfjarðarhorni.

Loðnubræðsla byrjaði hér á hádegi í gær og liggja nú hér 1500 tonn af loðnu í þróm.

Stillilogn er hér á firðinum og verur gott. Hins vegar er spá verri á morgun.

Safnað á Ísafirði

Ísafirði, 29/1. — Bæjarstjórn hefur samþykkt að láta í te alla þá aðstöð til handa Eyjabátum er í valdi hennar og er lýsyr yfir samúð vegna þessara atværa.

Fjársöfnun er nú í gangi hér meðal sjómanna um borð í fiskibátum og verkafólks í hraðfrystihúsum og er gert ráð fyrir að tvö þúsund kr. framlag komi frá hverjum einstökum.

Þá hefur vélbátabyrgðarsjóður samþykkt að gefa 250 þúsund kr. í Vestmannaeyjasöfnun í tilefni af afmæli sjóðsins.

Sól sést frá byggð

Ísafirði, 29/1. — Þorrablót eru hér um hverju helgi og þá haldin mörg í sinn á vegum átthagafélaga. Nýliðin er árshátíð Sunnukórsins og sólardagurinn er alltaf 25. janúar. Var boðið upp á sólar-kaffi þann dag. Eiginlega ætti að halda upp á sólar daginn tvisvar hér. Daginn áður sést nefnilega til sólar í efri byggðinni í bænum.

Þrær fullar á Fáskrúðsfirði

A Fáskrúðsfirði eru komin á land 2500 tonn af loðnu og átti bræðsla að hefjast í gærkvöld, en afkastageta verksmiðjunnar er 200 tonn á sólarhring. Í gær varð að neita bátum um löndun vegna þess að þrörrými var fullnýtt.

Hoffell hefur verið á línu en aflað treglega, er með um 50 tonn í þessum mánuði.

Við erum tilbúin að taka á móti Vestmannaeyingum, sagði kaupfélagstjórnin á Fáskrúðsfirði, útvega þeim net og fyrirgreiðslu í landi. Aftur á móti er eftirt með húsnæði en sveitarstjórnin er nú að kanna það mál.

Kveðjur frá hafnarstjórn Reykjavíkur

Hafnarstjórn Reykjavíkur sendir Vestmannaeyingum kveðjur sínar vegna þeirra válegu náttúruhamfara sem yfir Eyjarnar hafa dandið.

Jafnframt heitir hafnarstjórn útvegsönnunum og sjómönnum frá Vestmannaeyjum allri tillækri fyrirgreiðslu hafnarinnar.

AÐ HJÁLPA SÉR SJÁLFUR

Íslendingar eru tiltölulega efnuð þjóð. Þjóðartekjur á mann eru einhverjar þær

GRÓUSÖGUR OG RÓGBURÐUR

Þegar mikinn vanda ber að höndum er hætt við því að ósvífir aðilar sjáist ekki fyrir og misnoti aðstöðu sem þeir hafa til þess að skapa hræðsluástand sem getur haft í för með sér sundrunu. Ólafur Jóhannesson, forsætisráðherra, varð á alþingi í gær að verja nokkrum tíma í ræðu sinni til þess að mótmæla hverskyns gróusögum sem einhverjir siðlausir einstaklingar hafa komið á kreið síðustu sólarhringana með hjálp vissra fjölmiðla. Þjóðviljinn fordæmir sundrunargiðju; oft hefur verið rætt og ritað um að þjóðin væri á orlagastund en slíkt tal hefur í rauninni aldrei verið við hæfi fyrr en nú. Þess vegna hvetur Þjóðviljinn alla landsmenn til þess að standa þétt saman og láta hvorki gróusögur né rógburð villa sér sýn. Því verður ekki trúað að til séu aðilar á Íslandi, sem vilja notfæra sér slíkt ástand sem nú hefur skapast sér og sínum til framdráttar. A.m.k. er fullvist að stjórn málaöfl, sem kynnu að hegða sér á þann veg, ættu ekki lengur upp á pallborðið með þessari þjóð.

hæstu í heimi, kaupmáttur er hærri nú hér á landi en nokkru sinni og allt virðist vera í blóma. Nú leit fremur vel út með aflann á þessu ári; spáð er miklum loðnuafli og þorskaflinn ætti senn að geta aukizt vegna aukinnar friðunar á miðunum. En mitt í allri þessari lífskjarafráfröfingunni vakna menn upp við vandan draum: Gos í Heimaey. Atvinnutæki, íbúðarhús, bátar fyrir miljarða og miljarða aftur eru í stórfeldri hættu. Á örskömmum tíma breytist ein blómlegasta byggð þessa lands í óbyggilega eyðimörk vikurs og hraunburðar. Fólki flykkist í land þúsundum saman og sezt að til bráðabirgða á ymsum stöðum á meginlandinu. Þetta fólk er rífið út úr félagslegu samhengi, fjárhagslegt öryggi þess er í voða og atvinnuóvissa alger að heita má. Þetta er dökk mynd — Íslendingar hafa vart séð hann svartari um áratugaskeið. Og hvað skal gera?

Svarið við þeirri spurningu virðist vera nær einróma: Aðgerðir skulu allar við það miðaðar að „búsifjar af völdum náttúruhamfaranna séu bornar af þjóðinni sameiginlega“ eins og það er orðað í þingsályktunartillögu, sem forsætisráðherra lagði fyrir alþingi í gær. Lausn þessa stóra vandamáls verður að byggja á sameiginlegu átaki þjóðarinnar allrar, sagði Ólafur Jóhannesson, forsætisráðherra, í ræðu sinni á alþingi í gær. Og full-

vist er að þjóðin öll er reiðubúin til að axla byrðarnar. Það getur hún nú betur en nokkru sinni fyrr.


Afstaða ríkisstjórnarinnar eftir náttúruhamfarirnar í Vestmannaeyjum byggist á þessari megin stefnu. Þess vegna hefur forsætisráðherra nú lagt fram á alþingi tillögu til þingsályktunar sem gerir ráð fyrir því að unnið verði á grundvelli þeirra meginatriða sem hér að ofan eru nefnd: Að sameiginlegt átak landsmanna leysi vandann og að landsmenn, hvar í flokki sem þeir standa, nái að standa saman um úrræðin.

TIL BRETA OG VESTUR-ÞJÓÐVERJJA

Mikið tal er um það manna á meðal að við eigum að taka við aðstoð og hjálp utanlands frá. Einhverjir aðilar hafa búið til sögur um að ríkisstjórnin hafi hafnað einhverri aðstoð — en svo er ekki. Þjóðviljinn vill nota þetta tækifæri til þess að benda á það að tveir þjóðir í grennd við okkur gætu sýnt drenglyndi með ákaflega einföldum hætti en þó til fyrirmyndar. Þar er átt við Breta og Vestur-Þjóðverja. Þeir ættu nú tafarlaust að víðurkenna íslenzku 50 milna landhelgina og þeir mættu líka skila einhverju aftur af þeim fiski sem þeir hafa tekið ófrjálsri hendi á fiskimiðum Íslendinga síðustu mánuðina — eða á móta verðmætum.

Staldrad við í Hafnarbúðum:

„Hús til sölu... hægt að flytja inn strax“



Mikill fjöldi Vestmannaeyinga var samankominn í Hafnarbúðum í gær í gær í fréttamaður Þjóðviljans leit þar inn. Þarna er miðpunktur alls, sem Eyjamenn þarfnast brýnast — hvers konar upplýsingamiðlun, greiðslur frá almannatryggingum, styrkveitingar, úthlutun fatnaðar og þess háttar. Þarna er fjölmennt starfslid Rauba krossins og Vestmannaeyjabæjar og í mörgu að snúast sem vonlegt er. Skrifstofa almannatrygginga og sjúkrasamlags Vestmannaeyja tók til starfa í Hafnarbúðum á föstudaginn og vegna aðstæðna eru fjölskyldubætur greiddar fram í ífmann.

Veggblöð og orðsendingar

Hingað og þangað á veggjum eru margs konar orðsendingar, þar á meðal hangir á vegg 1. fólublað Fréttablaðs Vestmannaeyinga, en ábyrgðarmaður er Gísli Þorsteinsson. Þar eru m. a. tilkynningar um síma lækna og þjónustu heilsuverndarstöðvar Reykjavíkur við Eyjamenn. Á öðrum stað er plagg um veitingasölu, og þar má lesa að hádegisverður kostar 50 krónur, en ókeypis fyrir börn inná 12 ára aldurs. Kaffibrauð kostar 10 kr. per stykki. Hér koma nokkur sýnishorn af orðsendingum:

Junior Chamber Kópavogi, annast húsgagnailutninga laugardaga og sunnudaga, sími 25543 (Rauði krossinn)...

Þeir Vestmannaeyingar sem hyggjast leita sér að húsnæði og atvinnu á Akranesi fá frítt far með Akraborginni...
Og undirskriftalisti: Vér

undirritaðir Vestmannaeyingar förum þess á leit, að fjárhagsaðstoð sú, sem erlendrar ríkisstjórnir hafi boðið oss, verði þegar. Ríkisstjórnin byrj strax á móttöku þess fjármagns sem hefur boðizt.

Valgerður Jónsdóttir getur tekið 100 kindur og 4 hesta.

Barnarúm til láns.....

Stefanía Sigurjónsdóttir tekur að sér fiska og fugla....

Ómar Guðjónsson, Höfða, Biskupstungum, getur tekið að sér þrjá hesta, 10-20 kindur. Hefur íbúð, tvö herbergi og eldhús.

Bragi Hermannsson í Garbá-hreppi getur tekið að sér kanínur....

Páll Jónsson, tannlæknir á Selfossi, getur tekið að sér hesta....

Getum komið fyrir í geymslu hundum, köttum, kindum, fuglum, hænsum og kindum....

Hreinn Ólafsson — plass fyrri hænsni og búslóð....

Hænsni, nokkur hundruð, Jón Stefánsson....

Sigríður Pétursdóttir Lauga-

vegi 28 vill taka að sér hunda....

Dýrapóssun — Hafnarfjörður....

Hús til sölu í Þorlákshöfn. Hægt að flytja inn strax — fimm herbergi og ein stofa....

Einbýlishús í Bolungarvík fyrir

sjómanna, 9 manna fjölskylda kemst fyrir....

Áthugið: Munaðarnes 23 íbúðir (næg atvinna, skóli og ferðir),

DAS sumarhús, 12 fjölskyldur, 15 mín. frá Selfossi. Lækjarbotnar

Kópavogi, sumarvalarheimili, 6

fjölskyldur. Sumardvalarheimili


sjómanna, As Grímnesi, 20 her-

bergi. Grímnes er stutt frá

Eyrarbakka og Selfossi, þar sem

atvinnuþáguleikar eru góðir.

Og fólkið vann það í sjón-



Starfsfólk Raubakrossins er önnur kaflið eins og þessi mynd sýnir. (Ljós. sj.)

varpsljósum, því að þarna voru að starfi sjónvarpsmenn frá bandarísku sjónvarpstöðinni NBC. Þeir komu á laugardag og höfðu enn ekki fengið leyfi til að

fara til Eyja, — á meðan létu þeir sér nægja að kvikmynda í Hafnarbúðum, en þar er útaf fyrir sig nægilegt myndaefni.

sj

5200 tonn af loðnu til Neskaupstaðar

Neskaupstað, 29/1 — Nokkrir bátar fengu loðnu út af Norðfjarðarhorni í nótt. Hafa bátar verið að streyma hingað inn með afla.


Þessir hafa tilkynnt afla til losunar hér í dag: Hilmir 350 tonn, Skirnir 110 tonn, Helga Guðmundsdóttir 220 tonn, Bjarni Ólafsson 160 tonn, Sveinn Sveinbjörnsson 160 tonn, Náttfari 160 tonn og Magnús 130 tonn.

Tveir bátar eru þegar komnir á

loðnu frá Neskaupstað, Sveinn Sveinbjörnsson og Magnús. Hafa þeir landað hér 3svar í loðnu-bræðslu, — ekki þó með fullfermi.

Nú eru komnir rök 5 þúsund tonn af loðnu í þrjár Sildarvinnslunnar. Byrjaði bræðslan kl. 8 í gærmorgun og fóru fyrstu loðnurnar inn um miðjan dag.

Best er að bræða loðnu sjö daga gamla. Er elztu loðnan í þró, ekki öðrin svo gömul.



150 hús brunnin, sokkin eða hálf sokkin

Horft yfir mið- og eystrihluta Vestmannaeyjakaupstaðar út á höfnina frá Suðurvegi, þar sem öll hús við efri hluta götunnar eru komin á kaf í gjall og ösku. (Ljós. v.h.)

Frá Sigurdóri Sigurdórssyni í Vestmannaeyjum.

Sá sem ekki hefur reynt það getur varf ímyndað sér hve ógnvænlegt ástandið var hér í Vestmannaeyjum aðfararnótt laugardagsins og allan laugardaginn. Þá stóð vindur af suð-austri og því nær beint yfir bæinn frá gosstöðvunum. Eldi og eimyrju rigndi látlaust yfir, logandi gjall og aska fáu bæinn á enda, allt niður að Friðarhöfn. Askan færði hvert húsið á fætur öðru í austurbænum á kaf og kveikti í öðrum. Alls munu tólf hús þá hafa brunnið, önnur gáfu sig undan öskupunganum sem lagðist á þau, jafnvel hús sem ekki stóðu austast í bænum. Á stundum var ástandið þannig, að lífs-

hættulegt var að vera utan-dyra í austurbænum þegar gjallhnúllungar á stærð við simtöl eða stærri féllu allt í kring, en megnið af ösku-steinunum var á stærð við mannshnefa. Enda fór það svo að þessi sólarhringur var sá verstí sem komið hefur fyrir kaupstaðinn síðan gosið hófst.

Aðfararnótt sunnudagsins snerist áttin til suðurs og suð-vesturs og skipti þá um: ekkert kom frá eldstöðvunum yfir bæinn heldur stóð allt af eyjunni. Var unnið kappsamlega að björgunarstörfum af þeim sem komnir voru úr Reykjavík, og fóru bæði Dettifoss og Herjólfur fullhlaðnir héðan á sunnudagskvöld áleiðis til Rvíkur.

Á laugardag var talið að kviknað hefði í 12 húsum vegna þess að glóandi gjallsteinar brutu glugga og kveiktu í gluggatjöldum eða teppum. Þá sukku mjög

mörg hús í ösku, en það er sjálfsagt ekki oftalið þó sagt sé, að um 150 hús séu brunnin, sokkin eða hálf sokkin í ösku sem kalla má þegar askan er komin upp fyrir efri brún glugga.

Á sunnudaginn rigndi töluvert og þyngdist þá askan mikið og þök húsa sligubust. Til að mynda gaf þakið sig á hinu stóra húsi, Nýja bíói, og þegar askan hrundi niður gáfu veggirnir eftir og sprungu út. Er það nú gerónytt. Sömu sögu er að segja af nokkuð mörgum húsum í austurbænum sem höfðu flöt þök. Þau gáfu sig þegar askan blótnaði og þyngdist.

Kappsamlega var unnið að því að negla bárujárnsplötur fyrir austurglugga húsa um allan bæ, enda veitti ekki af, og er þá sama hvort heldur er í austurbænum eða vesturbænum. Skyfalli af hnefastórum hnúllungum rigndi yfir allan bæinn í austan og suð-austan áttinni. Ekki mun þó lokið við að negla fyrir glugga, enda skorti bæði mannskap og efni þar til á sunnudagskvöld er margir menn komu frá björgunar-

sveitinni Ingólfi og hjálparsveit skáta.

Á mánudagsmorguninn, snemma, snerist vindur aftur til suð-austan áttar og síðan til austurs, og hófst þá sama gjall- og öskuregnið yfir bæinn og á laugardag, en þó verra. Mjög mikið öskulag bættist á götur og þök húsa á fáum klukkustundum, og um klukkan 10 í gærmorgun, hafði bætzt við í það minnsta 5 cm lag vestast í bænum. Með kvöldinu á vindur aftur að snúast til suð-vesturs og lagast ástandið þá vonandi fljótlega.

Um hádegis í gær hafði ekki kviknað í neinu húsi til viðbótar, og þakka menn það því, að buið er að negla fyrir glugga flestra þeirra húsa sem eru á mesta hættusvæðinu.

Sífellt verður erfiðara að komast um götur bæjarins eftir því sem öskulagið eykst. Hafa vegheflar og jarðýtur vart undan lengur að halda götum opnum og má sjá flokka vera að ýta vörubílum sem hafa fest sig á götunum.

Í gær átti að reyna flug hingað til Eyja að því er Bjarki Ellason

yfirlögregluþjónn sagði, en hann kom hingað til Eyja á laugardag og tók við yfirstjórn allra björgunarstarfa hér og er það til mikilla bóta, því þau höfðu verið lítt skipulögð þangað til. Ekki hafði verið hægt að lenda fyrir hádegis, en með þessari vél átti að koma nyr flokkur lögregluþjónna, til að leysa þá af sem verið hafa hér við björgunarstörf og unnið mjög svo kappsamlega síðan á fimmtudag og eru sannarlega orðnir hvíldar þurfi. Mikið hefur verið af ungu mönnum hér úr lögregluskólanum, og hafa þeir valafalaust fengið dýrmæta reynslu af störfum sínum hér.

Engin breyting varð á rennsli hraunsins um helgina, og í gærmorgun, mánudag, rann það enn til austurs.


Er höfnin því ekki í neinni hættu þess vegna. Hins vegar getur þetta sífellda öskuregn yfir hana grynnkað hana verulega, en askan og gjallið er mjög þungt, að því er Þorleifur Einarsson jarðfræðingur sagði mér, og sekku með það sama. Enginn vikur hefur enn komið úr gígnum og er það jákvætt, enda mundi vikur fljóta á sjónum í kring um Eyjar, og verða hættulegur bátum sem þar sigla, því hann fer í kælivatn þeirra.

Unnið var allan mánudagsmorguninn að því að moka þök þeirra húsa sem björgunarmenn hafast við í, svo sem af húsi Ísfélagsins, þar sem mótuneytið er, en þar var ótítt að þakið væri að gefa sig. Þakið á lögreglustöðinni, sem er flatt, er farið að gefa sig, og ætlar lögreglan að flytja absetur sitt á hótelið, að því er sagt er.

Í gær var mikið gjall- og öskufall yfir bæinn, og jafnframt lagði reykin frá gosstöðvunum yfir bæinn, svo varla sáust handaskil. Var ákaflega vont að vera úti við í reyknun án þess að hafa gasgrímur.

Undir hádegis var gosið með allra mesta móti, að því er þeir sögðu, sem fylgt hafa með því frá upphafi, og hefur það ekki verið eins mikið um þessa helgi fyrr. Búið er við að vindátt snúist síðar í dag.

Það versta við þetta ösku- og gjallregn er hve stórir hnúllungar falla. Sá stærsti sem sétt hefur er sagður um 50 kílóa þungur, en ekki hafi átt að ábrugðast hann



Kirkjugarðurinn í Eyjum eins og hann leit út eftir öskufallið fyrir helgina. Prestar munu hafa yfirgefið staðinn strax er gosið hófst í Helga-

Komum aldrei aftur! Komum strax aftur!

Misjafnlega bregðast menn við spurningum um það hvort þeir snúi aftur til Eyja

Frá Sigurdóri Sigurdórssyni í Vestmannaeyjum.

Ég lagði þá spurningu fyrir allmarga Vestmannaeyinga, sem voru hér í Eyjum um helgina að þjarga munum "sínunum", hvort þeir myndu snúa aftur til Vestmannaeyja ef gosinu linnði áður en meirátjón yrði en orðið er.

Mjög snerust menn misjafnlega við.

Flestir þeir sem komnir eru yfir miðjan aldur og spurðir voru svöruðu því til að þeir myndu koma aftur eins fljótt og hægt væri. Hvað eignum við að gera barna fyrir sunnan", svöruðu þeir til. Svo voru nokkrir, sem alíð höfðu allan sinn aldur hér í Eyjum, sem svöruðu því til, að þeir myndu ekki snúa aftur til baka.

Nokkuð virtust svör manna fara eftir því hvar þeir eiga hús í bænum. Þeir sem áttu hús í austurbænum, og þá illa farin, sögðust ekki koma aftur, en þeir

sem eiga óskemmd hús, vestast, eru bjartsynni.

Nær undantekningarlaust svöruðu yngri menn því til að þeir myndu ekki koma aftur. Margir þeirra höfðu nýlökð við að byggja sér hús, sem nú eru annaðhvort ónýtt eða mikild skemmd, enda eru nýju hús flest í austurbænum.

Einn sagði: „Ég hef ekki að neinu að hverfa hér, og ég get ekki hugsað mér að fara að standa í húsbýggingu aftur“.

Svartsynin virðist því einkum ríkja hjá yngri mönnum. Eins fjlgar þeim nú einnig, sem eru svartsynir á það, að nokkuð verði búið hér aftur í nánustu framtíð. Enda var ástandið hér á laugardag, og aftur á mánudag, þegar ösku og gjalli rigndi yfir bænin, og hvert húsið af öru ymist hvarf í ösku eða varð eldinn að bráð, ekki til að lifa upp á bjartsynni manna.

Haldi óskugos áfram þarf ekki marga daga með austan-eða sú-austanútt til þess að byggðin hér fari gjörsamlega í kaf.

Sérfréttatimar um og fyrir Eyjamenn

Útvarpsráð ákvað í gær í samráði við bjarstjórn Vestmannaeyja að taka upp sérstaka fréttatíma fyrir Vestmannaeyinga í hljóðvarpi og er stefnt að því, að þetta verði daglegir þættir að loknum aðalkvöldfréttum útvarpsins.

Síðar er ætlunin að einnig verði teknir upp ákveðnir tilkynningatímar fyrir Eyjamenn. Að sögn Njarðar P. Njarðvik, sem fór ásamt fleiri fulltrúum útvarpsráðs til Vestmannaeyja um helgina til að kanna aðstæður og ræða við bjarstjórn þar, er þessum fréttáttum ætlað að flytja Eyjamönnum í landi og Eyjum nákvæmari fréttir af atburðum, eyðileggingu og björgunstarfinu er ætla má að varði almenning, og fjalla um málefni þeirra, verða eins konar tengilibur milli Eyjamanna er þeir dreifast á ymsa staði á landinu.

Þá má geta þess, að annað kvöld verður umræðuþáttur um málefni Vestmannaeyinga í sjónvarpinu og verða þar mættir til viðræða Ólafur Jóhannesson forsætisráðherra, fulltrúar bjarstjórnar Vestmannaeyja og Almannaavarnaráðs, og jarðfræðingar, en Eyjamenn verða í sjónvarpsal. Magnús Bjarnfréðsson stjórnar umræðum.

Helgi Arnlaugsson (sign)
Astvaldur Andrésson (sign)

Stjórnsambands mál- og skipasmíðja.

Stjórnsambands mál- og skipasmíðja.

Þóroddur Gröndal (sign)
Sveinn A. Sæmunds. (sign)
Steinar Steinsson (sign)
Geir Þorsteinsson (sign)
Jon Sveinsson (sign)

Að sögn Guðjóns Jónssonar, formanns Mál- og skipasmíðasambands Íslands, gæti almenn þátttaka hlutabeigandi aðila í þessari fjársöfnun þýtt um 5 miljónir króna sjóð fyrir Vestmannaeyinga.

Sögusögn kveðin niður

Bláinn hefur horizt eftirfarandi fréttatilkynning frá forsætisráðuneytinu:

„Vegna sögusagna, sem í gangi eru um að ríkisstjórnin hafi hafnað aðstoð, sem boðin hefur verið fram af erlendum ríkisstjórnunum vegna náttúruhamfaranna í Vestmannaeyjum, skal tekið fram, að engri slíki aðstoð hefur verið hafnað heldur tekið fram, að ríkisstjórnin væri mjög þakklát fyrir slík boð og myndi þiggja frambodna aðstoð eða fyrirgreiðslu, en nánar yrði að athuga um hvers konar aðstoð og í hvaða formi gæti verið um að ræða og kæmi að mestu gagni.“

Póstkortasala til styrktar Eyjabúum

Þjóðviljanum hefur horizt eftirfarandi fréttatilkynning frá kvenfélaginu Heimaey í Vestmannaeyjum:

Með samþykki bjarstjórnar Vestmannaeyja hyggst kvenfélagið Heimaey hefja útgáfu á allmörgum lit-póstkortum frá náttúruhamförnum í Eyjum. Þeim til aðstoðar verður Sólarfilma sf. svo og hópur gamalla skáta frá Vestmannaeyjum, sem nefna sig Útlaga.

Tilgangur þessarar útgáfu er að afla fjár til hjálparstarfsins. Þeir, sem að þessum málum standa, munu vinna endurgjaldslaust, svo að allur ágóði geti runnið óskiptur til Vestmannaeyinga.

Allir aðilar, sem eiga myndir og vilja leggja þessu máli lið með því að láta þær í té, eru góðfúslega beðnir að snúa sér til Sólarfilmu, Bragagötu 27 í Reykjavík — Sími: 12277 — sem allra fyrst, en þar verður myndunum veitt viðtaka og greitt fyrir þær eftir samkomulagi.

Ráðgert er að selja kortin um allt land og erlendis líka. Því er treyst, að margir verði til að útvega myndir, og vonir standa til, að töluvert fé megi hafa upp úr þessari útgáfu. Samtökin, sem að þessu standa, vanta þess að fljótt verði brugðið við, því að nokkrum tíma tekur að vinna myndirnar og koma þeim á framfæri.

Heitið er á alla góða menn og konur að leggja málinu lið.”

Björgunarstarfið í Eyjum gengur vel

Almannavarnaráð, bjarstjórn Vestmannaeyja og aðrir aðilar, sem að björgunarmálum starfa í Vestmannaeyjum, vilja, af gefnu tilefni, taka fram, að náð og gott samstarf er milli allra aðila, sem að skipulögðum björgunarstörfum vinna í Vestmannaeyjum.

Lokið er við að bjarga innbúi úr liðlega helmingi allra íbúðarhúsa í kaupstaðnum, og búið að byrgja glugga, sem að gosstöðvunum snúa, svo og þakglugga, á öllum húsum frá Skólavegi austur fyrir Suðurveg.

Afram verður unnið að þessum störfum eftir því sem aðstæður frekast leyfa. Ekki er vítað til að

nein hús hafi eyðilagzt síðastliðin sólarhring og engin slýs hafa orðið á mönnum, þrátt fyrir mikið gjallregn.

Um 500 manns starfa nú að skipulögðum björgunarstörfum, að meðhöldu slökkvilið og lögregluhlíð, og er ekki talin þörf á meira starfsliði að svo stöðu.

Misjafnt framlag í Eyjasöfnunina

All mörg sveitarfélög hafa tilkynnt um framlög til Vestmannaeyjasöfnunarinnar, ymist til Rauða Krossins eða Sambands íslenskra sveitarfélaga. Frá þessum framlögum hefur flestum verið skýrt hér í blaðinu jafnsjótt og fréttir hafa horizt um hver þau eru.

Austur-Landeyjahreppur, sem er beint í norður frá Vestmannaeyjum, hefur lagt fram úr sjóðum sínum 200 þúsund krónur, og jafnframt gekkst hreppsnæfndin fyrir söfnun í hreppnum meðal einstaklinga og félaga, og nam söfnunar upphæðin 300 þúsund krónum. Þúar Austur-Landeyjahrepps eru 186, og er þá framlag þaðan um 3 þúsund krónur á íbúa, því samtals kemur þaðan hálf milljón.

Reykjavíkurborg ákvað fyrsta dag gossins að veita 150 þús. kr. úr sínum sjóðum í Vestmannaeyjasöfnunina.

Um 18 miljónir komnar

Rauði kross Íslands hafði tekið á móti 14.5 miljónum króna í Vestmannaeyjasöfnunina í gær. Í gær bárust 2 miljónir 440 þúsund krónur frá Bandaríkjaþjórn, og hálf milljón króna frá kvenfélaginu Hvítabandinu. Útgjöld eru nú talin nema 10-11 miljónum króna. Hjálparstofnun kirkjunnar hefur horizt hátt á þriðju milljón króna í Vestmannaeyjasöfnunina.

Fjölskylduskemmtun í Háskólabíói

Vegna hinna válegu atburða sem hafa átt sér stað í Vestmannaeyjum hafa allir Íslendingar fundið knýjandi þörf innra með sér að leggja allt sitt fram til að veita Vestmannaeyjum alla þá hjálp og stuðning sem mest má verða.

A miðvikudaginn þann 31. janúar verður haldin fjölskylduskemmtun í Háskólabíói til styrktar hjálparstarfi þessu. Fjöldi landsþekkrar skemmtikrafta og annarra sem koma fram á þessu kvöldi vill sýna hug sinn í garð Vestmannaeyinga og er ill þeirra vinna lögð fram endurgjaldslaust.

Háskólaráð lagði fúslega fram Háskólabíói sem einnig er lánad endurgjaldslaust. Fjöldi manna hefur unnið að því að hrinda þessu máli í framkvæmd. Samuðin ein með Vestmannaeyjum er ekki alveg nóg og vonast allir sem skerf sinn til máls þessa leggja, að Reykvíkingar og fólk annarsstaðar af landinu fjölmenni á miðvikudagskvöldið í Háskólabíói.

Skemmtunin hefst kl. 9 og kostar aðgönguútdrátt kr. 300.

Sérlegir gestir kvöldsins verða: forseti Íslands, Kristján Eldjárn, biskupinn yfir Íslandi, séra Sigurbjörn Einarsson, borgarstjóri Reykjavíkur, Birgir Ísleifur Gunnarsson, og fulltrúi Sameinuðu þjóðanna í almannavörnum, Bandaríkjamadurinn Will H. Perry.

Eftirfarandi skemmtikraftar koma fram á skemmtuninni: Lítið eitt.

- Þorvaldur Halldórsson
- Gísli & Júlí
- Kristín Lillíendahl
- Río Tría
- Náttúra
- Omar Ragnarsson
- Maria Llerena frá Kúbu
- Göbbergur Aubunsson
- Jónas & Einar
- Haukur Snorrason
- Guðrún A Simonar
- Jón Gunnlaugsson & Jörundur.



Aður en farið var að flytja burt húsgögnin fékk fólk að sækja nauðsynlegustu föggur með Hekluinni. Hér sjást nokkrir á heimleið. (Ljós. mh.)



Þótt reynt væri að flytja störfum með því að ryðja allar aðalgötur var þetta algeng sjón: bílar festust og urðu að fá aðstoð til að komast áfram. (Ljós. mh.)



skák

Umsjón Jóhann Briem

Skákþing Reykjavíkur eftir fimm umferðir

Nú er lokið fimm umferðum á skákþingi Reykjavíkur. Í meistaraflokki er staða efstu manna þessi:

1. Jón Pálsson 5. v.
2. Júlíus Friðjónsson 4 v.
- 3—8. Jón Þorsteinsson
- Jón G. Briem
- Björn Halldórsson
- Jón P. Þór
- Jón Kristinnsson
- Freysteinn Þorbergsson með 3 1/2 vinning hver.

Sex efstu menn munu tefla til úrslita og bendir staðan nú til þess að hart verði barizt um þessi sæti. Jón Pálsson verður þó að telja öruggan um að ná einhverju þessara sex sæta og hefur hann teft ágætlega vel hingað til.

Í I. flokki hefur Asgeir Asbjörnsson forystuna með 5 v. og virðist fátt geta komið í veg fyrir sigur hans.

Í II. flokki er baráttan jafnari. Staða efstu manna er þessi:

1. Helgi Tómasson 4 1/2 v.
- 2—4. Asgeir Kaaber 4 v.
- Olafur G. Jónsson 4 v.
- Haraldur Karlsson 4 v.


Í unglingsflokki hafa verið tefldar 4 umferðir og efstir eru Þróstur Bergmann Ingason og Margeir Pétursson með 4 vinninga.

Í þessum þætti ætla ég að birta tvær skákir frá Reykjavíkur-skákmóti. Önnur skákin er stutt og snaggarleg, tefld í II. fl.


HVITT: ASGEIR Þ. ARNASON.
SVART: KOLBEINN BJARNASON.

- | | |
|----------|--------|
| 1. e4 | e5 |
| 2. Rf3 | Rc6 |
| 3. Bb5 | a6 |
| 4. Ba4 | Rf6 |
| 5. 0—0 | Be7 |
| 6. He1 | b5 |
| 7. Bb3 | 0—0 |
| 8. c3 | He8 |
| 9. d4 | Bf8 |
| 10. Rg5 | d5 |
| 11. exd5 | Rxd5 |
| 12. Dh5 | h6 |
| 13. Dxf7 | gefið. |

Hin skákin var tefld í meistara-flokki af tveimur ungum mönnum sem báðir eiga góða möguleika á



Björn Halldórsson



Júlíus Friðjónsson

að ná einhverju af efstu sætum þar. Það eru þeir Júlíus Friðjónsson og Björn Halldórsson. Júlíus blés fljótlega til sóknar á kóngsvæng en Björn varðist mjög vel. Á réttu augnabliki sneri hann vörn í sókn og náði yfirburðstöðu. Þegar að því kom að Björn gerði út um skákina, kom hann öllum á óvart með því að taka jafntefli með þráskák.

Skýringin á því var sú að hann hafði eytt mestu af umhugsunartíma sínum og átti eftir að leika 14 leiki á tæpum 2. mínútum.

Af lokastöðunni virðist mega draga þá ályktun að Júlíus hefði heldur átt að hefja aðgerðir á drottningarsvæng. Menn hans þar standa óvirkir á meðan baráttan á kóngsvængnum fer fram.

- | | |
|----------|------|
| 9. Rd2 | Rg4 |
| 10. Dc2 | e5 |
| 11. h3 | Re5 |
| 12. b3 | f4 |
| 13. Rde4 | f3 |
| 14. exf3 | Rxf3 |
| 15. Bxf3 | HxB |
| 16. Kg2 | Df8 |
| 17. Bb2 | Df5 |

Svartur virðist nú eiga hættuleg sóknarfari en Björn sýnir fram á að svo er ekki.

- | | |
|---------|-----|
| 18. g4 | Df4 |
| 17. Bb2 | Df5 |

Svartur virðist nú eiga hættuleg sóknarfari en Björn sýnir fram á að svo er ekki.

- | | |
|---------|------|
| 18. g4 | Df4 |
| 19. Bc1 | Df8 |
| 20. Bb2 | h5 |
| 21. Rg5 | hxg4 |

Drepi hvítur nú hrókin á f3 í 22. leik kemur 22...Dxf3. 23. Kh2 gxb3. 24. Dxc6 Bg4...25.Hg1 Dxf2 og mátar.


- | | |
|----------|-------|
| 22. Dxc6 | gxb3 |
| 23. Kh1 | Bf5 |
| 24. Dh5 | HxRe3 |
| 25. Hg1 | |

Þetta er mjög góður leikur. Hvítur hótar að drepa hrókin á c3. Leiki svartur 25...Hc2 kemur 26. Bxc7 27. Re6

- | | |
|----------|-------------|
| 25. ... | Df6 |
| 26. Bxc3 | Dxc3 |
| 27. Df7 | Kx8 |
| 28. Dh5 | Kg8 |
| 29. Df7 | jaftntefli. |

Í timhrakinu sá Björn ekki að hann getur í 28. leik leikið DxBf5 Kg8 29. Dh7 Kf8 30. Re6 og hvítur vinnur.

HELZTU GOSSTÖÐVARNAR Á ÍSLANDI



Á kortinu eru sýndar helztu eldstöðvar, sem virkar hafa verið síðan Ísland byggðist, og ártöl gosa, sem heimildir eru til um. (Sig. Þórarinnsson 1965)




HVITT: BJÖRN HALLDÓRSSON
SVART: JÚLIUS L. FRÍÐJÓNSSON
HOLLENZK VÖRN.

- | | |
|--------|-----|
| 1. d4 | g6 |
| 2. c4 | f5 |
| 3. g3 | Bg7 |
| 4. Rf3 | Rf6 |
| 5. Rc3 | 0—0 |
| 6. Bg2 | d6 |
| 7. 0—0 | Re6 |
| 8. d5 | Ra5 |

Algengara er að leika riddaranum til e5. Þessum leik hefi Júlíus átt að fylgja eftir með t.d. Hb8, a6 og b5. Eins og skákin tefldist stóð riddarinn þarna utangátta það sem eftir var skakarinnar.

KÖTTUR Í STÓRRÆÐUM



Eins og við munum hefur Páll rotta verið í holunni undir eldhússkápmum og þess vegna hafði hann hafri allt það, sem þeim Jónatan og Pétur hafði farið í milli. — Ja, þetta voru nú góðar fréttir. — sagði Lúter, þegar Páll kom út á ný og sagði þeim Rósu og honum tíðindin. — Nú er Pétur gamla vel borgið. — Rósa vissi alls ekki hvernig hún gæti þakkað þeim Palla og honum fyrir alla hjálpinu, en þeir fullyrtu að það væri ekkert að þakka.

EFTIR KRÓKAREF



Þeir Jósafat og Kolbeinn komu fyrir réttinn á sínum tíma, þar sem þeir voru stranglega dæmdir fyrir okur sitt og svindl. Og vist var um að sektirnar greiddu þeir ekki með neinum ánægjusvip. En þannig er nú heimurinn ófugsnuinn að ekki leið á lögnu, þar til þeir voru komnir af stað á ný og byrjuðu sama leik af fullum krafti. Þessi mynd er einmitt af því, þegar þeir leigðu kofann hans Péturs gamla á ný, — auðvitað fyrir okurgjald. En vonandi þarf ekkert ykkar nokkurn tíma að hafa af þeim nein kynni, því ekki eru allir svo heppnir að eiga sér snjallan kött!

Afmæli

Framhald af bls. 4.

Þrátt fyrir ágætan lækninga-mátt þessa penselins, varð Skúli ekki alheill, örflitill skáldskapar-sýkilsangi varð eftir og hefur búið um sig. „Margur er skáld þó hann ekki yrki“ hefur sannazt á Skúla, þess höfum við orðið greinilega vör í ritgerðunum, sem hann hefur sent frá sér, og við höfum lesið okkur til ánægju. Það er sama hvort hann lýsir bæjarbrekkunni heima hjá sér, Ljótunnarstáða-brekku, segir frá einstökum mönnum og atburðum eða leiðir okkur inn í hugarheim barnsins, allsstaðar skín á meira og minna bjartan og fagran skáldlega neista, sem oft glitrar af gaman-semi. Það er a.m.k. annað og meira en venjulegur landsuppdráttur og staðreyndapúla.

En nú er best að hætta sér ekki frekar út í bókmennalegar hug-leiðingar og listrænt mat, því að þá gæti svo farið, að bókmenn-tafræðingar Þjóðviljans og starfs-bræður þeirra hlægu svo hátt að hvalir hlýpu á land í Trekyllisvík og jafnvel alla leið upp í Ljótunnar-stáðabrekku. Því skal snúð sér að því, sem átti að verða upphaf og innihald þessarar greinar, að Skúli á Ljótunnarstöðum er sjö-tugur í dag, hann er sum sé af-mælissarnið, og það er af því til-efni, að öllu þessu grufi og þrugli er dembt yfir alsaklausu lesendur Þjóðviljans.

Þá er að slá botninn í þetta allt saman, þakka afmælissarninu allt gott og árna því allra heilla. Þakka Skúla ágætari ritgerðir hans, bládaggreinar og útvarps-þætti, og þá ekki sízt pistlana, sem hann hefur birt í júlalöbla Þestfirðingis á undanförunum árum og allt annað, sem hann hefur unnið í þágu Alþýðubandalags-ins, stefnu þess, sósíalismanum, til framsangs.

Arnaðaróskir bíð eg Þjóðvilj-ann að flytja honum frá mér per-sónulega, frá blaði okkar Vest-firðingi og síðast en ekki sízt frá samtökum okkar alþýðubanda-lagsmanna í Vestfirðakjör-dæmi.

Halldór Ólafsson.

Afmæliskveðja frá Þjóðviljanum

Þjóðviljinn sendir hinu síunga afmælissarni á Ljótunnarstöðum kveðjur sínar og lesenda sinna, þakkar fyrir líðin ár og heillaóskir um okmin ár. Samfylgd Skúla og Þjóðviljans er orðin löng, og fyrir Þjóðviljann a.m.k. ákaflega ánægjuleg. Skúli hefur verið óþrestandi að skrifa fyrir blaðið, og m.a. skrifad útvarpsgagnrýni reglulega um árabíl. Frá skrifum Skúla stafar lífsgleði og birtu, og hefur það verið happ fyrir Þjóðviljann og lesendur að fá að njóta þess. Orðið Skúla við blaðið og málað þess er náteugt stjórn-málaskoðunum og -afskiptum Skúla, en hann hefur jafnan skipað sér undir merki sósíalisma, verklyðshyggju og þjóðfrelsis.

Skúli Guðjónsson fæddist 30. janúar 1903 á Ljótunnarstöðum í Bæjarhreppi, Strandasýslu, og þar hefur hann staðið fyrir búi síðan 1936. Kona hans er Þuríður Guðjónsdóttir frá Heydal í sömu sveit. Auk fjölda greina í blöðum og tímaritum og frásagna í út-varpi, hafa komið þrjár bækur frá hendi Skúla: Bréf úr myrri, Það sem eg hef skrifað og Heyrt en ekki séð.

Skúli! Þjóðviljinn er ekki búinn að bíta úr nálinni við þig né þú við hann. Hafðu þakkar og komdu sem oftast að finna okkur!

Þökkum innilega öllum þeim sem auðsýndu okkur sam-
uð og vinarhug við andlát og jarðarför eiginkonu minnar,
dóttur okkar, systur og mágkonu

AUÐAR ÞÓRÐARÐÓTTUR HOWIE,
Háteigjardí 18, Reykjavík

James Gordon Howie

Þórunn Jasonarson
Þórunn Markús Þórðarson

Jónína Þórðardóttir
Jenny Einarisdóttir

Kauphækkun

Framhald af bls. 1.

gert ráð fyrir þessum aðaltekju-
stofnum til viðlagasjóðs:

1. 1. marz — 30. september
þetta ár greiði atvinnurekndur
5,5% viðlagagjald af launa-
skattskyldum vinnulaunum að
undanskildum aflahlutum og
launum áhafna á fiskiskipum.

2. Auk þessa skulu launa-
greiðendur greiða 1% launaskatt
í viðbót við þann sem fyrir er í við-
lagasjóð.

3. Þeir sem stunda eigin at-
vinnurekstur eða hafa tekjur af
sjálfstæðri starfsemi skulu og
greiða í viðlagasjóð, 6,5%, þ.e.
bæði hlut atvinnurekanda og
launamanns, en launaskatturinn
sem að ofan getur er í rauninni sú
kauphækkun sem koma átti til
frákvæmda 1. marz næst-
komandi.

4. Frá 1. febrúar til 31. desem-
ber 1973 skal leggja 2% viðlaga-
gjald á söluskattstofn allra sömu
aðila og ella er kveðið á um í lög-
um.

5. Bændur leggi fram til við-
lagasjóðs sem svarar 1% gjaldi á
þann hluta gjaldstofns Búnaðar-
málasjóðs, sem svarar til
hundraðshluta launaliðs verð-
lagsgrunnvallar búvöru af
heilðarútgjöldum hans.

6. 1. marz — 31. september
skulu fiskkaupendur greiða sem
svarar 4% af skiptaverðmæti í
stofnfjárjóð fiskiskipa. Af
þessari greiðslu reiknast 2/3
hlutar viðlagagjald.

7. Á gjaldárinu 1973 skal leggja
30% viðlagagjald á álagðan
eignaskatt.

Gert er ráð fyrir því að með
ofangreindum ráðstöfunum renni
til viðlagasjóðs á þriðja milljarða
króna.

Sprengingar

Framhald af bls. 1.

inn undir ösku, og aska er einnig
upp á miða veggj Landakirkju.
Nokkur hús súðvestast í bænum
hafa að mestu sloppið við ösku-
fallið, eða maður kallar það, þó
að aska nái meter upp á veggj
húsanna. Þar hefur lítið öskufall
verið síðan aðfaranótt föstudags-
ins, en hætt er við að þar falli
aska í nótt, ef hann gerir norð-
austan átt eins og spáð er, en þá
sleppur líka stærsti hluti bæjar-
ins.

Búið að tæma
5-600 hús

Magnús Magnússon, bæjar-
stjóri, sagði mér síðdegis í dag að
búið væri að tæma 5-600 hús í
bænum, og mætti segja að öll hús
austan Skólavegar væru tóm,
utan örfá, en þar bíða eigendur
eftir gámunum — vilja ekki flytja
dót sitt fyrr en þeir fá þá, enda
hefur farangur manna skemmt
mikið, ef hann hefur ekki verið
fluttur í gámunum.

Þá sagði Magnús, að strax yrði
byrjað að flytja skipulega innbú
manna úr vesturbænum, en því
má bæta við, að þegar er búið að
flytja innbú úr mjög mörgum
húsum í vesturbænum; það hafa
eigendur gert upp á eindæmi og
flestir án þess að hafa gáma.

Hraunrennslíð hefur ekkert
breytzt að því er jarðfræðingar
sögu síðdegis í dag, og rennur sí-
fellt í austur. Þá var og dýpi hafn-
arinnar mælt í dag og hefur engin
breyting orðið þar á.

Allt skalf og nötraði

Gosið hefur verið með allra
mesta móti í dal. Sprengingar í
gignum tíbar og háværari en und-
anfarna daga, einkum var þetta
þannig fyrripart dags, en heldur
hefur dregið úr sprengingum síð-
degis. Þegar mestu sprenging-
arnar voru í gignum nötraði allt

og skalf í bænum. Herjólfur og
Esja eru hér í dag og er verið að
lesta þau. Von er á Hekluinni í nótt
og eftir til vill fleiri skipum.

Talið er að um 600 manns vinni
nú að björgunarstórum í Vest-
mannaeyjum í dag. Það versta er
að enn stendur á gámun, en aftur
á móti er orðið nóg af flutninga-
tækjum.

Byggja verður

Framhald af bls. 1.

veitingarnefndar og hófst þing-
fundur að nýju kl. 6.

Var þá tilbúið nefndaralit og
gerði Geir Gunnarsson, formaður
fjárveitinganefndar grein fyrir
því.

Nefndin lagði einróma til, að
þingsályktunartillagan yrði sam-
þykkt með smávægilegri orða-
lagsbreytingu. Er tillagan, eins
og hún var endanlega orðuð birt á
dörunum stað í blaðinu.

Ólafur Jóhannesson, forsætis-
ráðherra, þakkaði mönnum ein-
hug og lét í ljós von um, að menn
gætu sameinast um flutning á
frumvarpi til fjárförlunar vegna
hinna gjufulegu áfala.

Forsætisráðherra minnti á, að
við Íslandingur erum nú ólíkt
betur undir það búinir, að mæta
aflþingingum stóráfala vegna
jarðbæla, eins og nú hafa yfir
dunin, heldur en áður var, er
þjóðin bjó við sára fátækt.

Að ræðu forsætisráðherra
lökinni var þingsályktunartil-
lagan samþykkt í einu hljóði, og
voru síðan 7 alþingismenn kosnir
í nefnd þá, er hún gerir ráð fyrir,
og komu ekki fram tillögur um
fleira en kjósa átti.

Þessir voru kjörnir: Eysteinn
Jónsson, Halldór E. Sigurðsson,
Hannibal Valdimarsson, Lúdvík
Jósefsson, Jóhann Hafstein,
Ingólfur Jónsson og Gylfi Þ.
Gíslason.

150 hús

Framhald af bls 8.

Hins vegar er meðalstærð
hnullunganna eins og manns-
hnéfi, en margir eru eins og sim-
tæki að stærð eða enn stærri.
Þetta er eins og margt hefur
verið sagt gjall sem splundrast
þegar það kemur niður, en það
meiðir töluvert ef það kemur í
menn, og gerir þetta björgunar-
mönnum eritt fyrir þótt þeir
séu með hjálma, með storm-
gleraugu og í þykkum úlpum eða
stökkum. Einkum meibast menn
á höndum við að fá gjall-
hnullungana í sig, enda eru þeir
logandi. En menn láta þetta ekki
á sig fá heldur vinna af kappi.

Nokkuð hefur verið um smá-
meiðslí hér, en lækni er á stað-
num og aðstoðarmenn.

Gróusagnir

Framhald á 16. síðu.

Jávarður við forystumenn í
sjávarútvegi, Vestmannaeying-
anna sjálfa og einnig aðila frá LÍU,
fiskimálastjóra, fisksmiðjuef-
endum, frystihúsaeygendum Sjó-
mannasambandinu og Far-
mannas- og fiskimannasam-
bandinu.

Lúdvík minnt á þá sérstöku
þýðingu, sem Vestmannaeyjar
hafa haft fyrir íslenskan sjávar-
útveg, þar hefur m.a. verið líf-
höfn fyrir stóran hluta flotan.

Ríkisstjórnin hefur undanfarið
hugað að þeim stórkostlegu fjár-
hagsvandamálum, sem upp koma
vegna gossins. Frumvarp er til
búið, og verður það lagt fyrir þá
þingnefnd, sem hér er atlinnig að
kjósa. Lúdvík taldi sjálfsgagt, að
reynt yrði að ná samstöðu allra
þingflokka, væri þess nokkur
kostur, en hér væru um stórar
fjárhæðir að ræða, sem aflu þyrfti

Tugir trésmiða hjálpa til í Eyjum

62 trésmiðir frá Trésmiðafelagi
Reykjavíkur fóru til Eyja á
laugardag, og hafa unnið þar
sleituást sýðan. 40 trésmiðir
heldu til Eyja í gær til að hvíla
felaga sína.

Nýjar hjálpar- sveitir til Eyja

Í dag hefur verið unnið að því á
vegum Almannaávarnaráðs að
senda óþreittar hjálparveitir til
skipulagðra björgunarstarfa í
Vestmannaeyjum. Fyrr hluta
dags fóru um 180 menn úr
björgunarsveitum Slysavarna-
félagsins, skata og flug-
björgunarsveitum frá ymsum
stöðum á landinu, en fjöldamörg
þó um aðstoð hafa borizt frá
björgunarsveitum og einstakling-
um. Einnig fara í kvöld 40 tré-
smiðir og nokkrir bifvélavirkjar.

Leysa þessir hópar af hölmri
hjálparveitir, sem verið hafa að
björgunarstarfi. Þá hefur verið
haldið áfram flutningi ymis konar
búnaðar til notkunar við hjálpar-
starfið. Haldið hefur verið áfram
samstarfi við skrifstofu Vest-
mannaeyjabæjar í Hafnarbúðum
um flutning á bústöðum frá Vest-
mannaeyjum og skipulagður
flutningur á gámun með bifreið-
um varnarliðsins milli Þorlákss-
hafnar og Reykjavíkur og útveg-
að meira geymslurými til mót-
töku á bústöðum í Reykjavík,
m.a. flugsýkli á Reykjavíkflug-
velli. Mun Þróstur Sigtryggsson,
skípherra, hafa yfirstjórn þeirra
mála af hálfu Almannaávarna og
bæjarstjórnar Vestmannaeyja.

Áætlað er, að nær 400 gámar séu í
notkun við flutninga þessa. Eins
og undanfarið hefur verið lögð
megin áherzla á flutninga með
skipum, þar eð flutningar í loft
hafa legið niðri vegna veðráttu.
Þá hafa í dag farið fram ítarlegar
viðræður við jarðfræðingana Sig-
urð Þórarinnsson og Þorleif

Einarsson og prófessor Þorbjörn
Sigurbjörnsson, eðlisfræðing, um
ástand og horfur frá öryggis
sjónarmiði.

29. janúar 1973.

Svanur heldur styrktartónleika

Lúðrasveitin Svanur heldur
tónleika næstkomandi laugar-
dag 3. febrúar klukkan 15,
klukkan 3 e.h.

Allur ágöfi af tónleikumun
rennur til Rauba kross Íslands
og verður varið til hjálpar-
starfs vegna eldgossins í Vest-
mannaeyjum.

Stjórnandi er Jón Sigurðsson
og einleikari á klarinettu
er Björn Leifsson.

Sérstakur gestur lúðrasveit-
arinnar verður Ellert Karls-
son, stjórnandi Lúðrasveitar
Vestmannaeyja, og mun hann
stjórna útsetningu sinni á
lagasýrpu eftir Arna
Thorsteinnsson.

Flutt verður tónlist við allra
háfi.

Aðgöngumiðjar kosta aðeins
100 krónur og fást hjá Svans-
mönnum og við innganginn.

FÉLAGSLÍF

Vikkomustaðir
bókabilanna

Sími bókabilanna er 36270 kl
9—12

Arbæjarhverfi
Hraunber 162 mánud. kl.
3.30—5.00 Verzl. Hraunber
102 þriðjud. kl. 7.00—9.00
Verzl. Robafæ 7—9 mánud.
kl. 1.30—3.00. Þriðjud. kl.
4.00—6.00

Blesugróf
Blesugróf mánud. kl. 5.30—
6.15.

Breiðholt
Breiðholtsskóli mánud. kl.
7.15—9.00. fimmtud. kl. 7.00—
9.00 föstud. kl. 1.30—3.30.
Fremistekkur fimmtud.
kl. 1.30—3.00. Verzl.
Straumnes fimmtud. kl.
4.15—6.15 Þóruvell þriðjud.
kl. 1.30—3.15 föstud. kl. 4.00
—5.00

Háaleiðishverfi
Alftamyrarskóli fimmtud.
kl. 1.30—3.30 Austurvegur,
Háaleiðishverfi, mánud. kl.
3.00—4.00 Miðbær, Háaleið-
ishverfi, mánud. kl. 4.30—6.15
miðvikud. kl. 1.30—3.30
föstud. kl. 5.45—7.00

Holt — Hlíðar
Stakkahlíð 17 mánud. kl.
1.30—2.30 miðvikud. kl. 7.00—
9.00 Áfingaskóli Kennara-
sk. miðvikud. kl. 4.15—6.00

Laugarás
Hrafnista föstud. kl. 3.15—
4.15 Verzl. Norðurbrunn
þriðjud. kl. 5.00—6.30 föstud.
kl. 4.30—5.45

Laugarneshverfi
Dalbraut/Kleppsv. þriðjud.
kl. 7.15—9.00 Laugalækur-
/Hraust. föstud. kl. 1.30—
3.00

Sund
Verzl. við Sæviðarsund
þriðjud. kl. 3.00—4.30 föstud.
kl. 6.00—7.00


Tún
Hátún 10 þriðjud. kl. 1.30—
2.30

Vesturbær
KR-heimilið fimmtud. kl.
7.15—9.00 Skerfjafjörður-
Einarsnes fimmtud. kl.
3.45—4.30 Verzl. Hjarðar-
haga 47 mánud. kl. 7.15—
9.00 fimmtud. kl. 5.00—
6.30

Nýja bókafnið í Bústaba-
kirkju — Bústabaútið — er
opið mánud. til föstud. kl. 2.00
—9.00

Snorri Hallgrímsson látinn 60 ára

Snorri Hallgrímsson, prófessor,
er látinn. Snorri fæddist 9. októ-
ber 1912 og var því aðeins líðlega
sextugur er hann lézt. Snorri
Hallgrímsson var einn kunnasti
og virtasti maður Íslandina á
sviði læknavísindanna, — gegndi
hann prófessorsembætti og yfir-
læknisstöðu árum saman og var
kunnur erlendis fyrir störf sín að
læknisfræði.



Lúðvík Jósefsson:

„Illt verk að koma slíkum orðrómi af stað“

„Gróusögur“ kveðnar niður á alþingi

Bæði Ólafur Jóhannesson, forsætisráðherra og Lúðvík Jósefsson, sjávarútvegsráðherra minnst á það við umræðurnar á alþingi í gær, að „gróusögur“ hafi verið á gangi um það undanfarna daga, að ríkisstjórnin hafi neitað að þiggja framboðna aðstoð við björgun í Vestmannaeyjum og hafnað boðum um stuðning frá aðilum erlendis.

Ráðherrarnir lýstu þessar sögusagnir með öllu tilhæfuleisar.

Um það sagði Lúðvík m.a.: Það er illt verk að koma slíkum orðrómi af stað það hefur engum í ríkisstjórninni dottið í hug, að neita að þiggja aðstoð hvers sem er við björgun í Vestmannaeyjum, og það er algerlega rangt, að ríkisstjórnin hafi hafnað einhverri fjárhagsaðstoð

erlendis frá. Slík aðstoð verður þegin.

En látum okkur ekki detta í hug, að við getum skotið okkur undan að bera þarna þyngstan bagga sjálfir.

Lúðvík hóf ræðu sína með því að votta öllum Vestmannaeyingum samúð fyrir hönd

Alþýðubandalagsins, og sagði síðan að ríkisstjórnin hafi á öllum fundum sínum, eða oft á dag síðan gosið hófst, fjallað um þann mikla vanda sem Vestmannaeyingar og þjóðin öll ættu nú við að glíma.

Væri það vissulega að vonum, að mest allt starf ríkisstjórnarinnar hafi undanfarið verið í sambandi við þessi mál.

Ríkisstjórnin fól í upphafi

Loðnan: 17 hátar með afurðagóða afla **TT-3. SIDA**

TIL- BODI UM

alþýðu blaðið UM LOFTBRÚ VAR HAFNAÐ

Sýnishorn af „Gróusögum“: Forsíða Alþýðublaðsins á laugardag.

almannavarnaráði yfirstjórn allrar öryggisgæzlu og björgunarstarfs við hlið bæjarstjórnar Vestmannaeyja. Þessir aðilar hafa farið með alla stjórn á björgunar- og öryggismálum.

Lúðvík minnst síðan á störf þeirra nefnda, sem ríkisstjórnin hefur skipað, annars vegar til að gera sér grein fyrir hinum þjóðhagslega vanda, og hins vegar til að starfa húsnaðismálum og öðrum félagslegum vandamálum í samræði við Rauða Krossinn. Síðan vék ráðherrann að þeim vandamálum er sérstaklega snúa, að sjávarútvegnum sem höfuðatvinnugrein Vestmannaeyinga og þjóðarinnar allrar. Ráðherrann sagðist hafa átt ítarlegar

Frh. á bls. 15

Erfið byrjun friðar í Vietnam:

Barizt af hörku þrátt fyrir vopnahlé

SAIGON 29/1 — Barizt var af mikilli hörku í Suður-Vietnam í dag. Tilkynt var um að vopnahléð hafi verið rofið ótal sinnum um allt land og herstjórnin í Saigon telur að tala fallinna sé um 1800 manns síðan vopnahléð gekk í gildi aðfaranótt sunnudags.

sem taka þátt í störfum alþýðlegu eftirlitsnefndarinnar með vopnahlénu komu saman í Saigon í dag í fyrsta sinn, en fulltrúar herja fjögurra styrjaldaraðila komu einnig á sinn fyrsta fund. Fluttu tvær vélar frá bandaríska hernum foringja úr her Norður-

Vietnams og Þjóðfrelshreyfingarinnar frá Hanoi. Þegar vélararnar voru lentar neitugu foringjarnir að rita undir innflytjendapappira Saigonstjórnarinnar sem fyrir þá voru lagðir og voru þeir enn um borð í vélunum mánudagskvöld, átta stundum

eftir að þær lentu. Telja þeir að með því að undirrita pappirana væru þeir að víðurkenna stjórnina í Saigon.

Bandarískar flugvélar halda áfram lofárásum á Laos, að því er talsmaður Bandaríkjahers sagði í dag. Hann sagði og, að nokkrir tundurduflasæðarar væru á leið til stranda Norður-Vietnams að hreins upp þau tundurdufl, sem þar hefur verið lagt.

Tillögu um bann á íslenzkan fisk hafnað

LONDON 29/1. — Brezka stjórnin hafnaði í dag tillögu frá þingmanni einum um að hvetja ráðherranefnd Efnahagsbandalagsins til að lýsa íslenzkan fisk í bann vegna landhelgisdeilunnar.

Sir Alec Douglas-Home utanríkisráðherra sagði að stjórnin óskaði ekki eftir því að stíga slíkt skref. Samt lét hann að því liggja rétt einu sinni, að árekstrar varðskipa og togara gætu leitt til þess að brezki flotinn yrði sendur á vettvang.

í Kambodju kom einnig til hardra bardaga enda þótt Lon Nol, æðsti maður herforingjaraðilarinnar í Pnomp Penh, hafi gefið skipun um að stöðva hernaðaraðgerðir þar á miðnætti sl.

Talsmenn Saigonstjórnar halda því fram, að Norður-Vietnamar og Þjóðfrelshreyfingin hafi rofið vopnahléð 480 sinnum fyrstu 28 stundirnar eftir að það hófst. Segja þeir að andstæðingarnir hafi misst 1000 manns en Saigonherinn 800.

Fulltrúar landanna fjögurra

SAFNANIR Í GANGI Á NORDURLÖNDUM

Samband sveitarfélaga í Danmörku hefur sett á laggirnar nefnd til að gangast fyrir fjársöfnun fyrir Vestmannaeyinga. Nefndin er skipuð fjórum bæjarstjórum og mun hún hafa samráð við íslenzku ríkisstjórnina og fulltrúa frá Vestmannaeyjum. Færeyingar hafa þegar efnt til fjársöfnunar og

standa að henni 23 atvinnu- fyrirtæki og félag. Lögþingið í Færeyjum hefur einnig samþykkt að veita fjárhagsaðstoð.

Ríkisstjórnir Noregs, Danmerkur og Svíþjóðar munu bíða átekt.

Á laugardag hélt Norsk-íslenska félagið í Ósló fund og var þar ákveðið að efna til Vestmannaeyjasöfnunar um allan Noreg. Sænsk-íslenska félagið í Svíþjóð og Dansk-íslenska félagið í Danmörku munu einnig efna til fjársöfnunar með svipuðu sniði. Samband samvinnufélaga í Noregi hefur ákveðið að gefa 100 þúsund krónur norskar, eða um eina og hálfa milljón ísl. króna.

ALÞÝÐUBANDALAGIÐ



Umræðufundur Alþýðubandalagsins um Þjóðviljann

Fjórfírir umræðufundir Alþýðubandalagsins í Reykjavík verður haldinn næsta fimmtudagskvöld að Grettisgötu 3. Umræðuefnið er Þjóðviljinn og er Svavar Gestsson ritstjóri málshafjandi. Fyrri fundir hafa verið mjög fjölsóttir.

Frá Alþýðubandalaginu:

Vítalsími borgarfulltrúa Alþýðubandalagsins er á morgun, miðvikudag kl. 5-7 síðdegis að Grettisgötu 3.

Miðstjórnarfundur Alþýðubandalagsins annað kvöld, miðvikudag kl. 20:30 að Grettisgötu 3. Rætt verður um aðgerðir ríkisstjórnarinnar vegna eldgóssins í Vestmannaeyjum og önnur mál, sem nú liggja fyrir alþingi.

Árshátíð AB í Kópavogi

Árshátíð Alþýðubandalagsins í Kópavogi verður haldin laugardaginn 3. febrúar og hefst kl. 19.30.

Þorramatur á boðstólum. — Góð skemmtiatriði. — Hljómsveitin „Trío 72“ leikur fyrir dansi.

Upplýsingar og miðapantanir í síma 40853, 41279 og 41794.

AB Kópavogi.

Útanríkisráðherra

kominn frá Bandaríkjunum

Einar Agústsson utanríkisráðherra kom heim frá Bandaríkjunum um helgina, frá víðræðum sínum við stjórnvöld þar um það, á hvern veg hattað skuli víðræðum um brottflutning varnarliðsins.

NORDURLÖND AÐSTOÐI EYJAMENN

STOKKHÖLMI 29/1. — Olof Lagercrantz skáld og ritstjóri sænska stórblaðsins Dagens Nyheter skrifar forsögugrein og leiðara í blað sitt í dag, þar sem hvatt er til þess að Norðurlönd öll komi Íslandi til aðstoðar vegna náttúruhamfaranna í Eyjum. Segir Lagercrantz á þá leið, að Norðurlandamönnum beri pólitísk og siðferðileg skylda til að liðsinna Íslendingum.

Leitað að leynisjúkra- húsi IRA

BELFAST 29/1. — Brezkar sveitir byrjuðu í dag mikla leit að leynilegu sjúkrahúsi írsku lýðveldishersins. Talið er að þangað hafi verið fluttar átta leyniskyttur sem særðust í skotbardaga við brezka hermenn í Belfast í gærkvöld. Leyniskytturarnar skutu um 1000 skotum á brezka hermenn á ýmsum stöðum í Belfast meðan kapólskir menn fóru þúsundum saman og götur Londonderry til að minnast þess að ár er liðið síðan brezkir hermenn skutu þar 13 manns til bana.

Afmælishóf vegna Skúla í kvöld

Það er í kvöld, þann 30. janúar, sem hann Skúli á Ljótunnarstöðum verður stjótgur. Nokkrir vinir hans munu gangast fyrir samsæti honum til heiðurs í Athagasal Hotel Sögu í kvöld, og hefst samsætið klukkan hálf níu.

Þeir sem vilja taka þátt í hófi þessu, eru vinsamlega beðin að hafa samband við einhvern eftirfarandi aðila: Blindrafélagið, Hamrahlið 17, sími 38180, Pétur Sumarliðason, sími 41522. Rósu Þorsteinsdóttur, sími 36433. Torfa Jónsson, sími 36363U Þórunni Magnúsdóttur, sími 17952.